

Stjórnarfundur 25. október 2022

Teams

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Bjarki Þór Kjartansson

Á fundinum sem haldinn var þann 25. október var snið fundarins aðeins öðruvísi en venjulega þar sem framkvæmdirnar í félagsaðstöðunni okkar var eitt aðal umræðuefnið á fundinum. Fær það þess vegna sinn eigin lið á dagskrá fundarins.

Dagskrá fundarins:

1. Breyttar aðgangsreglur
2. Framkvæmdir í félagsaðstöðu
3. Önnur mál

1. Breyttar aðgangsreglur

Í framkvæmdunum var ákveðið að uppfæra öryggiskerfið sem var í aðstöðunni okkar, en var það vel komið á aldur. Öryggismiðstöðin er búin að gefa okkur verð í uppfært kerfi og verður það með lægri mánaðargjald en kerfið sem við vorum með, auk þess að vera með betra stjórnkerfi.

Við þessa uppfærslu verður farið í að endurskoða aðgangsreglur að félaginu í heild sinni og verður tillaga að tilhögun þessa borin upp fyrir félagsmönnum þegar það liggur fyrir.

Í vikunni sem leið kom maður á staðinn til þess að mæla fyrir skilrúmi sem sett verður upp í anddyri félagsins, það næst vonandi að setja það upp fyrir opnun félagsins.

2. Framkvæmdir í félagsaðstöðu

Ýmislegt er enn í gangi, en flest mál frá seinasta fundi hafa verið leyst. Eftirfarandi mál standa enn eftir:

1. Við fengum smíð til þess að skoða teikningar og tillögur frá hönnuði að félagsrýminu okkar og meta kostnað við að koma upp nýrri eldhúsinnréttingu og öllum húsgögnum á kaffistofu og dómararými. Gaf hann upp að sú vinna gæti kostað allt að 600 þúsund. Þessi upphæð heldur þessu verki innan þeirra marka sem ákveðin voru á seinasta stjórnarfundi og þarf því ekki að samþykkja neitt eins og er.
2. Sami smíður ætlar að taka að sér að skoða það að styrkja ljósin í púðursal svo hættan á að þau skemmist minnki til muna.
3. Smíðurinn mældi með því að við fengjum málara að rýminu áður en þeir fara í þessa vinnu og er stjórnin búin að fá menn í verkið sem ættu að komast í þessa for-vinnu mjög fljótlega.
4. Stjórn er að vinna í því að fá Öryrkjasambandið til þess að skoða þennan þröskuld sem er í andyri aðstöðunnar okkar og sjá hvort þeir mæli með því að skipta honum út til þess að auka hjólastóla aðgengi að aðstöðunni okkar.
5. Loftræstistokkar ættu að vera tilbúnir um þessar mundir, en meðlimir stjórnar hafa verið að sækjast eftir upplýsingum um stöðuna, en það virðist vera fátt um svör.
6. Það þarf að skoða betur lýsingu á skotlínu í loftsali, erum að bíða eftir að fá verð í það.
7. Eftir nánari athugun og miklar vangaveltur þá þarf ekkert að vera að það þurfi að minnka gljástig á gólfi í púðursal. Þetta mál verður sett á bið núna og hugsanlega tekið upp aftur seinna ef það þykir þörf fyrir því.
8. Stjórn var sammála um að nú væri tímabært að fá Húsanefnd inn til þess að skipuleggja vinnu sem þarf að fara í til þess að við getum farið aftur að stunda æfingar, og skipuleggja vinnukvöld til þess að koma aðstöðunni upp. Formaður mun setja sig í samband við þá.
9. Íþróttaráð kemur í heimsókn á fimmtudag og afhendir okkur húsnæðið formlega.

3. Önnur mál

Stjórn hefur verið að ræða það að taka upp nýjar reglur tengdar skápaleigu í félaginu. Við munum taka þetta saman á næstu vikum og leggja svo fyrir félagsmenn þegar tillögur að hvoru tveggja liggur fyrir.

Varaformaður tekur að sér að stilla upp drögum að leigusamningi fyrir skápum.

Stjórn var svo sammála um það að þar sem það er mikið í gangi í framkvæmdunum hjá okkur að hittast aftur að viku liðinni. Ritari mun senda fundarboð í vikunni fyrir næsta fund